

**Gunnlaugur Helgason**

**Meðalganga samkvæmt 20. gr.  
laga um meðferð einkamála nr.  
91/1991**

**-BA ritgerð í lögfræði -**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Umsjónarkennari: Kristín Benediktsdóttir hdl.**

**Lagadeild Háskóla Íslands**

**Júní 2010**

**Gunnlaugur Helgason**

**Meðalganga samkvæmt 20. gr.  
laga um meðferð einkamála nr.  
91/1991**

**-BA ritgerð í lögfræði -**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Umsjónarkennari: Kristín Benediktsdóttir hdl.**

**Lagadeild Háskóla Íslands**

**Júní 2010**



## EFNISYFIRLIT

1	Inngangur .....	5
2	Almennt um meðalgöngu .....	5
2.1	Réttarheimildir .....	5
2.2	Tilgangur.....	6
2.3	Afbrigði.....	7
2.4	Stefna, varnarþing og málskostnaður.....	8
3	Skilyrði meðalgöngu .....	8
3.1	Inngangur .....	8
3.2	Meðalgöngustefnandi teljist þriðji maður að máli.....	8
3.3	Lögvarðir hagsmunir.....	10
3.3.1	Inngangur .....	10
3.3.2	Athugasemdir með frumvarpi sem varð að lögum nr. 85/1936 .....	10
3.3.3	Dómaframkvæmd.....	11
3.4	Kröfugerð.....	14
3.5	Þriðji maður geri meðalgöngukröfu svo fljótt sem kostur er.....	15
4	Úrlausn dómara um kröfu um meðalgöngu.....	16
5	Staða meðalgönguaðila .....	17
5.1	Staða aðalmeðalgönguaðila .....	17
5.2	Staða aukameðalgönguaðila.....	17
6	Réttaráhrif dóms á meðalgönguaðila.....	18
7	Afdrif meðalgöngusakar við brottfall aðalsakar.....	19
8	Lokaorð .....	20
	Heimildaskrá.....	22
	Dómaskrá .....	23

# 1 Inngangur

Meðalganga er það þegar þriðji maður gerist að eigin frumkvæði aðili að dómsmáli annarra. Aðilar einkamáls þurfa almennt ekki að sæta því að þriðji maður gerist ótilkvaddur aðili að máli þeirra. Það stangast á við málsforræði aðilanna ef þriðji maður hyggst ná fram annarri niðurstöðu en þeir hafa lagt grundvöll að og aðild hans getur valdið röskun og töfum á gangi máls. Því leiða bæði einkahagsmunir aðila máls og almannahagsmunir af skilvirkum dómstörfum til þess að takmarka eigi aðkomu annarra en aðila aðalsakar að einkamálum fyrir dómstólum.

Það kann þó að vera þriðja manni mikilsvert að geta haft áhrif á úrslit dómsmáls sem hann hefur lögvarða hagsmuni af, og þeir hagsmunir geta vegið þyngra en sú röskun sem aðild hans veldur. Ákvæði 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 verndar rétt þriðja manns til aðgangs að dómstólum til að fá skorið úr um réttindi sín og skyldur. Á því byggist heimild í 20. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 (hér eftir skammstöfuð eml.) til meðalgöngu að uppfylltum skilyrðum ákvæðisins.

Hér verður leitast við að gefa yfirlit yfir meðalgöngu í íslenskum rétti. Kannaður verður grundvöllur hennar, framkvæmd og skilyrði og fjallað um stöðu meðalgöngumanns í dómsmáli og réttaráhrif dóms á hann. Lögð verður áhersla á að greina dómaframkvæmd, og geta þeirra dóma Hæstaréttar er varða meðalgöngu. Meðalganga er ekki algeng í íslenskum rétti og dómaframkvæmd gefur ekki svör við öllum álitaeftum. Í tilvikum þar sem vafi leikur á niðurstöðu verða leidd rök að því hvað gæti orðið eða ætti að verða niðurstaðan að dómi höfundar.

## 2 Almenn um meðalgöngu

### 2.1 Réttarheimildir

Heimild til meðalgöngu í íslenskum rétti er í 20. gr. eml., sem hljóðar svo:

Þriðja manni er heimilt að ganga inn í mál annarra ef úrslit þess skipta hann máli að lögum. Skal hann þá stefna báðum eða öllum upphaflegu aðilunum og gera kröfu um að honum verði leyfð meðalgangan og dæmt sakarefnið eða dómur annars felldur þannig að réttur hans verði verndaður.

Ákvæðið er efnislega samhljóma 50. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 sem féllu úr gildi við gildistöku eml. Í frumvarpi til gildandi eml. er í athugasemdum við 20. gr. vísað til athugasemda við 50. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 85/1936. Fyrir gildistöku þeirra byggðist heimild til meðalgöngu á óskráðum meginreglum.<sup>1</sup> Við skýringu 20. gr. eml. verður því litið til lögskýringargagna með lögum nr. 85/1936 og dómaframkvæmdar fyrir gildistöku eml.

## 2.2 Tilgangur

Heimild 20. gr. eml. til meðalgöngu gerir þriðja manni kleift að hafa áhrif á úrslit máls sem varðar lögvarða hagsmuni hans. Önnur úrræði þriðja manns, svo sem lögbann eða óvirk aðstoð við aðila, gætu verið torveld og ekki tryggt rétt þriðja manns nægjanlega, til dæmis því þau kæmu of seint.<sup>2</sup> Þá getur verið af því hagræði að heimila meðalgöngustefnanda að koma að kröfum sínum strax í upphaflega málinu. Því hefur verið fallist á meðalgöngu að uppfylltum skilyrðum 20. gr. eml.

Jafnframt verður þó að hafa í huga að meðalganga stangast á við málsforræði upphaflegra aðila vilji meðalgöngumaður ná fram annarri niðurstöðu en þeir hafa lagt grundvöll að. *Hrd. 1958, bls. 561 (skilnaður)* er gott dæmi um meðalgöngu þar sem forræði upphaflegra aðila takmarkast af hagsmunum meðalgöngumanns.

*Hrd. 1958, bls. 561 (skilnaður)*. Kona sem stóð í skilnaði krafðist þess að sér yrði heimiluð aukameðalganga í skuldaviðurkenningarmáli á hendur eiginmanni sínum til að krefjast sýknu hans, þó að hann gerði ekki þá kröfu. Fallist var á meðalgöngu hennar með vísan til þess að úrslit málsins hefðu veruleg áhrif á félagsbú þeirra sem væri í skiptum.

Meðalganga konunnar leiddi til þess að skuldaviðurkenningarkröfunni var vísað frá dómi í *Hrd. 1962, bls. 415 (skuldaviðurkenningarkrafa)*, enda benti ýmislegt til þess að krafan væri uppspuni. *Hrd. 1958, bls. 561 (skilnaður)* sýnir þannig jafnframt hve mikilvæg heimild til meðalgöngu getur verið þriðja manni sem hefur lögvarða hagsmuni af úrslitum máls.

---

<sup>1</sup> Einar Arnórsson: *Dómstólar og réttarfar á Íslandi*, bls. 284.

<sup>2</sup> Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II. hefti*, bls. 144.

### 2.3 Afbrigði

Greint er milli tvenns konar meðalgöngu í íslenskum rétti. Það kallast aðalmeðalganga þegar meðalgöngumaður gerir kröfu um að fá ákveðna hagsmuni dæmda sjálfum sér. Þegar meðalgöngumaður gerir aðeins kröfu um að úrslit máls verði á tiltekinn veg öðrum hvorum upphaflegum aðila í hag til verndar eigin rétti kallast það aukameðalganga.<sup>3</sup>

Aðalmeðalganga getur verið tvenns konar. Þegar aðalmeðalganga er með þeim hætti sem 20. gr. eml. gerir ráð fyrir krefst meðalgöngustefnandi þess að sér verði dæmt sakarefni máls í stað aðalstefnanda. Sem dæmi um aðalmeðalgöngu af þessu tagi má nefna *Hrd. 1990, bls. 249 (skuldabréf)*. Þar var manni heimiluð meðalganga í skuldabréfamáli til að krefjast viðurkenningar á því að hann væri réttur kröfueigandi en ekki aðalstefnandi málsins.

Í dómaframkvæmd hefur einnig verið fallist á annað afbrigði aðalmeðalgöngu sem ekki helgast beint af 20. gr. eml. Það felst í því að „meðalgöngustefnandi gengur inn í mál við hlið aðalstefnanda og krefst dóms á hendur aðalstefnda um sjálfstæða hagsmuni sína, líkt og hann væri samlagsaðili aðalstefnda.“<sup>4</sup> Nefna má að minnsta kosti tvo dóma Hæstaréttar þar sem fallist hefur verið á slíka meðalgöngu.

Í *Hrd. 1955, bls. 397 (björgunarlaun)* krafðist aðalstefnandi greiðslu úr hendi aðalstefnda vegna björgunar skips. Vátryggjandi aðalstefnanda gerðist meðalgönguaðili í málinu til að krefjast endurgreiðslu bóta sem hann hafði orðið að greiða aðalstefnanda vegna tjóns sem varð á skipi hans við björgunina.

Í *Hrd. 1966, bls. 949 (dánarbætur)* höfðu maki og börn manns sem lést í slysi höfðað mál til heimtu dánarbóta úr hendi stefnda. Fleiri aðstandendur hins látna gerðust meðalgöngumenn í málinu til heimtu samsvarandi bóta sér til handa. Öllum aðstandendunum voru dæmdar bætur.

Aukameðalganga er yfirleitt með þeim hætti að meðalgöngustefnandi styður kröfu sem upphaflegur aðili hefur þegar í frammi. Sem dæmi um það má nefna *Hrd. 2004, bls. 18 (1/2004) (forsjá)*. Þar var fósturforeldrum barns heimiluð meðalganga í forsjármáli milli kynforeldra þess til að taka undir kröfu annars kynforeldrisins. Dæmi er þó um að meðalgöngustefnandi geri kröfu um önnur úrslit aðalsakar en upphaflegir aðilar hafa gert, sbr. *Hrd. 1958, bls. 561 (skilnaður)*. Þar krafðist

---

<sup>3</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 78.

<sup>4</sup> *Ibid*, bls. 79.

meðalgöngustefnandi sýknu til handa aðalstefnda, þótt aðalstefndi hefði þá kröfu ekki uppi sjálfur.

## **2.4 Stefna, varnarþing og málskostnaður**

Meðalgöngustefnandi skal stefna báðum eða öllum aðilum aðalsakar og gera kröfu um að sér verði leyfð meðalgangan auk þess sem hann setur fram efniskröfur sínar, sbr. 2. másl. 20. gr. eml. Þriggja sólarhringa stefnufrestur nægir og birta má stefnu fyrir málfutningsumboðsmanni aðila, sbr. 5. mgr. 91. gr. eml. Varnarþing meðalgöngumáls er varnarþing aðalmáls.<sup>5</sup> Málskostnaður í meðalgöngusök verður dæmdur eftir kröfu aðila, sbr. 3. mgr. 129. gr. eml.

## **3 Skilyrði meðalgöngu**

### **3.1 Inngangur**

Af 20. gr. eml. má lesa þrjú skilyrði fyrir því að fallist verði á kröfu um meðalgöngu. Í fyrsta lagi verður meðalgöngustefnandi að teljast þriðji maður að máli, það er hann má ekki þegar eiga aðild að málinu. Í öðru lagi verður hann að hafa lögvarða hagsmuni af úrslitum máls. Og í þriðja lagi verður kröfugerð hans að vera með þeim hætti sem 20. gr. eml. áskilur. Hér verða könnuð þessi þrjú skilyrði meðalgöngu. Einnig verður athugað hvort máli skiptir við mat á heimild til meðalgöngu hversu tímanlega þriðji maður stefnir sér inn í mál, þótt ekki sé um það fjallað í 20. gr. eml. Reifaðir verða dómur Hæstaréttar þar sem reynt hefur á þessi atriði.

Almenn skilyrði þess að dómstólar leysi úr sakarefni, svo sem aðildarhæfi stefnanda<sup>6</sup> og skýr afmörkun á ákveðnu sakarefni í stefnu<sup>7</sup>, eiga við um meðalgöngusök líkt og önnur mál. Hér verður aðeins fjallað um slík almenn skilyrði þess að dómstólar leysi úr sakarefni að því leyti sem þau tengjast ofangreindum fjórum atriðum.

### **3.2 Meðalgöngustefnandi teljist þriðji maður að máli**

Ákvæði 20. gr. eml. veitir heimild fyrir aðild þriðja manns að máli annarra. Heimildinni verður ekki beitt af manni eða lögaðila sem þegar er aðili máls. Benda

---

<sup>5</sup> Einar Arnórsson og Theodór B. Línal: *Réttarfar II. hefti*, bls. 145.

<sup>6</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 61.

<sup>7</sup> *Ibid*, bls. 115.



má á tvo dóma Hæstaréttar þar sem reynt hefur á það hvort meðalgöngustefnandi teljist þriðji maður að máli í skilningi 20. gr. eml.

Í *Hrd. 2002, bls. 1124 (97/2002) (Lyfjaverslun Íslands hf.)* höfðu L, A og G mál á hendur J og félaginu L hf. þar sem þeir kröfðust þess meðal annars að J yrði gert að afhenda L hf. tiltekna hlutafjáreign. L hf. lagði fram stefnu í meðalgöngusök þar sem það krafðist þess að því yrði heimiluð meðalganga í málinu og að J yrði dæmdur til að afhenda því hlutafjáreignina. Í dómi Hæstaréttar segir að kröfu L, A og G um að J yrði gert að afhenda L hf. hlutafjáreignina hafi verið beint bæði að J og L hf. Hafi L hf. því frá öndverðu verið aðili að málinu að því er varði þá kröfu. Geti félagið því ekki hvað þessa dómkröfu varði skoðast sem þriðji maður í þeim skilningi sem um ræði í 20. gr. eml. Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms um frávísun meðalgöngusakarinnar.

Í *Hrd. 11. október 2007 (46/2007) (Kaupþing líftryggingar hf.)* höfðu M mál á hendur tryggingarfélaginu K og einstaklingunum H, P, J og S. M krafði K um greiðslu dánarbóta vegna fráfalls fyrrum eiginmanns síns A, sem líftryggður var hjá félaginu, og að viðurkennt yrði að H, P, J og S teldust ekki réttahafar líftrygginganna. H, P, J og S lögðu fram stefnur í meðalgöngusök þar sem þau kröfðust þess að þeim yrði heimiluð meðalganga í málinu og að K yrði dæmt til að greiða þeim tilgreindar fjárhæðir vegna hinna umþrættu líftrygginga. Í dómi Hæstaréttar segir að H, P, J og S hafi verið málsaðilar við upphaf málsins og skoðist því ekki sem þriðju menn í skilningi 20. gr. eml. Hafi því ekki verið skilyrði til að heimila þeim að koma dómkröfum sínum að með þessum hætti. Meðalgöngusök þeirra var vísað frá héraðsdómi án kröfu.

Orðalag Hæstaréttar í *Hrd. 2002, bls. 1124 (97/2002) (Lyfjaverslun Íslands hf.)* gefur tilefni til vafa um hvort aðili máls geti talist þriðji maður í skilningi 20. gr. eml. að tiltekinni kröfu í málinu sem hann hefur ekki uppi og beinist að öðrum, sbr. orðalagið „að því er varði þá kröfu“ og „hvað þessa dómkröfu varði“. Svo virðist ekki vera eftir *Hrd. 11. október 2007 (46/2007) (Kaupþing líftryggingar hf.)* að dæma, enda var H, P, J og S ekki heimiluð meðalganga í kröfu M á hendur K, þótt þau hafi ekki átt aðild að kröfunni.

Að mati undirritaðs er það athugunarefni hvort aðila máls eigi ekki að vera kleift að nýta heimild 20. gr. eml. til að hafa áhrif á þann hluta sakarefnis í dómsmáli sem hann á ekki aðild að. Hafi hann lögvarða hagsmuni af úrslitum þess virðast sömu rök standa til þess að heimila honum meðalgöngu í því og almennt standa til þess að heimila þriðja manni meðalgöngu í máli. Réttur aðilans virðist því óþarflega skertur með því að meðalganga sé honum ekki tiltæk fyrir það eitt að hafa verið stefnt í sama dómsmáli, þótt öðrum kröfum sé beint að honum.<sup>8</sup>

---

<sup>8</sup> Í sumum tilvikum gæti þó gagnsök komið að sama gagni. Í *Hrd. 11. október 2007 (46/2007) (Kaupþing líftryggingar hf.)* hefðu H, P, J og S til dæmis líklega getað höfðu gagnsök á hendur M þar sem þau krefðust viðurkenningar á því að M væri ekki réttahafi líftrygginganna og bætt K við til varnar

### 3.3 Lögvarðir hagsmunir

#### 3.3.1 Inngangur

Dómstólar leysa því aðeins úr sakarefni að það skipti máli fyrir stöðu stefnanda að lögum að fá dóm um það.<sup>9</sup> Þessi regla er sérstaklega áréttuð hvað varðar stefnanda í meðalgöngusök í 1. másl. 20. gr. eml. Dómstólar vísa málum þó almennt ekki frá vegna skorts á lögvrörðum hagsmunum nema ljóst sé að niðurstaðan hafi ekki raunhæft gildi fyrir réttarstöðu stefnanda.<sup>10</sup> Það kann þó að vera eðlilegt að gera ríkari kröfur til hagsmuna stefnanda í meðalgöngusök, í ljósi þess að heimild til meðalgöngu felur í sér takmörkun á meginreglunni um málsforræði aðila einkamáls. Lögskýringargögn og dómaframkvæmd veita nokkra leiðbeiningu um það hvenær þriðji maður telst hafa lögvarða hagsmuni af úrslitum máls annarra.

#### 3.3.2 Athugasemdir með frumvarpi sem varð að lögum nr. 85/1936

Í athugasemdum við 50. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 85/1936 er fjallað um það hvenær þriðji maður telst hafa lögvarða hagsmuni af úrslitum máls annarra.

Fram kemur að ótvírætt sé að þriðja manni sé rétt að ganga inn í mál í þeim fágætu tilvikum sem hann verður bundinn af dómi í því. Tekið er dæmi af einkarefsimáli sem sonurinn A höfðaði út af meiðyrðum um látinn föður sinn, B. Annar sonur B, T, gæti þá gengið inn í málið því dómur í málinu yrði bindandi fyrir hann að því leyti að hann gæti ekki fengið annan dóm um sama sakarefni, þótt hann höfðaði mál að nýju.

Þá segir að þótt dómur verði ekki beinlínis bindandi fyrir þriðja mann geti hann haft raunverulega þýðingu fyrir hann á ýmsan veg. Tekið er dæmi af máli um viðurkenningu á eignarrétti að jörð. Stefnandi gæti með viðurkenningardóm í hendi ráðstafað eigninni með fullri formlegri heimild og þriðji maður kynni að glata sínum betri rétti. Þriðja mannum yrði því heimil meðalganga í slíku máli.<sup>11</sup>

---

til að krefjast dánarbótanna sér til handa. Breytingar á aðild í gagnsök hafa verið taldar heimilar ef nýi aðilinn getur átt samaðild eða samlagsaðild í gagnsökinni með öðrum hvorum upphaflega aðilanum. (Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 78.)

<sup>9</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 117.

<sup>10</sup> Ibid, bls. 117.

<sup>11</sup> Alþt. 1935, A-deild, bls. 946-947.

### 3.3.3 Dómaframkvæmd

Meðalgöngustefnandi verður að hafa þau lagalegu tengsl við sakarefnið að úrslit þess skipti hann máli að lögum. Nefna má fáeina hæstaréttardóma þar sem reynt hefur á þetta.

Í *Hrd. 1936, bls. 629 (kjörskrá)* hafði J höfðað mál gegn hreppsnefnd til að fá H og EG fellda af kjörskrá. H, EG og E lögðu fram stefnur í aukameðalgöngusök til að taka undir sýknukröfu hreppsnefndarinnar. Í Hæstarétti var meðalgönguaðild H og EG talin standast en meðalgöngu E var vísað frá héraði vegna skorts á lögvörðum hagsmunum.

Í *Hrd. 1958, bls. 651 (ættleiðing)* hafði G höfðað mál fyrir hönd þýsks sveitarfélags á hendur F og krafist umráða tveggja barna F og látinnar þýskrar konu. F krafðist sýknu. Undir rekstri málsins gengu fösturforeldrar barnsins inn í málið með aukameðalgöngu og kröfðust einnig sýknu til handa F. Fallist var á meðalgönguna með vísan til þess að barnið hefði verið í föstri þeirra, barnaverndarnefnd hefði úrskurðað að börnin skyldu áfram vera í föstri þeirra og þau höfðu leitað eftir leyfi til þess að ættleiða börnin. Þau þóttu því hafa af því sjálfstæða hagsmuni að F yrði sýknaður af kröfum G.

Svipuð staða var uppi í *Hrd. 2004, bls. 18 (1/2004) (forsjá)* og í *Hrd. 1958, bls. 651 (ættleiðing)*. Fösturforeldrar barns kröfðust þess að þeim yrði heimiluð aukameðalganga í máli C og D um forsjá barnsins. Með vísan til þess að barn C og D hefði verið í umsjá fösturforeldranna frá fæðingu og að þau hefðu í samræmi við viljayfirlýsingu D leitað til dómsmálaráðuneytisins eftir leyfi til að ættleiða barnið þóttu þau hafa sjálfstæða hagsmuni að lögum af því að úrslit forsjármálsins yrði á þann veg sem D krefðist. Var frávísunarúrskurður héraðsdóms því felldur úr gildi og þeim heimiluð aukameðalganga í forsjármálinu.

Í *Hrd. 2004, bls. 1872 (128/2004) (stjúpforeldri)* var hafnað kröfu A um að henni yrði heimiluð meðalganga við hlið eiginmanns síns C í forsjármáli hans og B. A var ekki að svo komnu talin hafa sjálfstæða hagsmuni af úrslitum málsins, þar sem réttur hennar til lögbundinnar forsjár sem stjúpforeldris samkvæmt barnalögum væri við það bundinn að eiginmaður hennar fari með forsjá barnsins.

Í *Hrd. 1936, bls. 629 (kjörskrá)* var meðalgöngu E vísað frá þar sem hann hafði engin þau tengsl við sakarefnið að hann hefði hagsmuni að lögum af úrlausn þess. H og EG höfðu hins vegar augljós tengsl við sakarefnið, enda fjallaði það um hvort þeir skyldu áfram vera á kjörskrá, og meðalganga þeirra var því heimiluð.

Mismunandi niðurstöður í *Hrd. 1958, bls. 651 (ættleiðing)* og *Hrd. 2004, bls. 18 (1/2004) (forsjá)* annars vegar og *Hrd. 2004, bls. 1872 (128/2004) (stjúpforeldri)* hins vegar skýrast af því að í fyrri málunum voru meðalgöngustefnendur taldir hafa lögvarða hagsmuni af úrslitum málanna vegna tengsla sinna við börnin. Þeir höfðu haft börnin í sinni umsjá og sótt um ættleiðingu þeirra. Meðalgöngustefnandi í *Hrd. 2004, bls. 1872 (128/2004) (stjúpforeldri)* hafði ekki þau tengsl við barnið sem

forsjarmál B og C snerist um. Hún hafði heldur ekki nægileg tengsl við barnið að svo komnu, þar sem hún yrði ekki talin stjúpmóðir þess fyrr en eiginmaður hennar hafði fengið forsjá þess. Því var hún ekki talin hafa þau lagalegu tengsl við sakarefnið að úrslit þess skiptu hana máli að lögum.

Það nægir ekki að þriðji maður geti sýnt fram á að úrslit máls skipti hann máli í raun (de facto) geri þau það ekki að lögum (de jure). *Hrd. 1992, bls. 17 (Sæbraut 2)* er gott dæmi um þá aðgreiningu sem þar verður að gera á milli.

Í *Hrd. 1992, bls. 17 (Sæbraut 2)* krafðist dvalarmaður á meðferðarheimili fyrir einhverfa þess að sér yrði heimiluð aukameðalganga í máli sem höfðað hafði verið á hendur félagsmálaráðherra til að fá starfsemi heimilisins hætt. Meðalgöngunni var hafnað í héraði með þeim rökum að niðurstaða málsins skipti dvalarmanninn ekki máli að lögum þótt hún gerði það í raun. Meðalgöngustefnandi ætti lögbundinn rétt til þjónustu, sbr. þágildandi lög um málefni fatlaðra nr. 41/1983, en telja yrði það í valdi ráðherra að ákveða hvar sú þjónusta væri innt af hendi. Af þessu leiddi að kæmi upp sú staða í aðalsök að ráðherra féllist á kröfur stefnenda og hætti starfrækslu meðferðarheimilisins á þáverandi stað fengi meðalgöngustefnandi engu um það ráðið. Hann myndi ekki geta haldið til streitu sýknukröfu í aðalsök. Niðurstaða málsins hefði því ekki áhrif á réttarstöðu dvalarmannsins. Hæstiréttur hnekti niðurstöðu héraðsdóms og heimilaði meðalgöngu dvalarmannsins með eftirfarandi rökstuðningi: „Ef kröfur stefnenda í héraði [...] verða teknar til greina, mun [dvalarmaðurinn] ekki eiga þess kost að dveljast áfram á meðferðarheimilinu að Sæbraut 2, þar sem kann er búsettur. Leiðir þetta af því, að þá verður að lögum óheimilt að halda áfram starfsemi þess. Ekki er fram komið, að hann ætti þá kost á öðru sambærilegu heimili. Hvernig sem farið er réttarsambandi hans og félagsmálaráðherra, mun þessi niðurstaða í aðalsök skipta [dvalarmanninn] máli að lögum.“

*Hrd. 10. desember 2009 (664/2009) (protabú Straums-Burðaráss hf.)* er til vitnis um að ekki nægir að þriðji maður hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn máls til að meðalganga verði heimiluð. Þátttaka í máli verður að hafa raunhæft gildi fyrir réttarstöðu hans.

*Hrd. 10. desember 2009 (664/2009) (protabú Straums-Burðaráss hf.)*. L hafði höfðað mál á hendur S hf. til viðurkenningar á kröfu sinni sem forgangskröfu við slitameðferð á S hf. C og fleiri kröfuhafar S hf. kröfðust þess að þeim yrði heimiluð aukameðalganga í málinu. Kröfuhafarnir vildu taka undir sýknukröfu S hf., en byggja hana á öðrum málsástæðum en S hf. byggði á. Kröfunni um meðalgönguaðild var hafnað í héraði og Hæstarétti. Í dómi Hæstaréttar segir: „Um heimild [meðalgöngustefnenda] til meðalgöngu verður að öðru leyti að gæta að því að málatilbúnaður þeirra er reistur á málsástæðum, sem þeir telja að færa megi fram til stuðnings því að hafnað verði viðurkenningu á forgangsrétti fyrir kröfu varnaraðilans [L], en þeim málsástæðum hefur varnaraðilinn [S] á hinn bóginn í engu hreyft. Aukameðalganga samkvæmt 20. gr. laga nr. 91/1991 veitir ekki þriðja manni heimild til að bera upp málsástæðu til stuðnings kröfu annars upphaflegs málsaðilans, sem sá vill ekki sjálfur halda fram. Með því að sóknaraðilar hafa ekki fært fram haldbær rök fyrir því að þeir geti af öðrum sökum haft lögvarða hagsmuni af þátttöku í máli varnaraðilanna verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.“

Hæstiréttur byggði á því í *Hrd. 10. desember 2009 (664/2009) (protabú Straums-Burðaráss hf.)* að stefnanda í aukameðalgöngusök væri ekki heimilt að bera upp málsástæður til stuðnings kröfu upphaflegs málsaðila sem sá vill ekki sjálfur halda fram. Meðalgöngustefnendur höfðu ekki hagsmuni af þátttöku í málinu til þess eins að bera upp sömu málsástæður og upphaflegur aðili vildi þegar byggja á. Því var ekki talinn grundvöllur fyrir aðild þeirra.

Á það hefur reynt fyrir Hæstarétti hvort meðalgöngustefnendur geti haft lögvarða hagsmuni af úrslitum máls vegna fordæmisgildis dóms í því, það er vegna þess að það fordæmi sem sett verður í máli sé til þess fallið að hafa áhrif á síðari úrlausn sambærilegra mála meðalgöngustefnendanna, sbr. *Hrd. 1992, bls. 844 (Öryrkjabandalagið)* og *Hrd. 1992, bls. 1804 (Umsjónarfélag einhverfra)*.

Í *Hrd. 1992, bls. 844 (Öryrkjabandalagið)* krafðist Ö þess að sér yrði heimiluð meðalganga í máli sem höfðað hafði verið á hendur félagsmálaráðherra til að fá starfsemi meðferðarheimilis fyrir einhverfa hætt. Kröfunni var hafnað í héraði og Hæstarétti með vísan til að meðalgöngustefnandi hefði ekki nægilega afmarkaða og beina hagsmuni af úrslitum málsins. Í héraðsdómi var sérstaklega tekið fram að fordæmisgildi dóms skapaði ekki rétt til meðalgöngu handa þeim sem hefðu aðeins óbeina hagsmuni af úrslitum máls.

Í *Hrd. 1992, bls. 1804 (Umsjónarfélag einhverfra)* krafðist Umsjónarfélag einhverfra meðalgöngu í máli á hendur félagsmálaráðherra vegna sjálfs síns og vegna félagsmanna sinna. Ekki var talin lagaheimild fyrir því að félagið gæti farið með meðalgöngusök í málinu vegna félagsmanna sinna. Kröfunni um meðalgönguáðild vegna félagsins sjálfs var hafnað í héraði og Hæstarétti með sambærilegum rökstuðningi og í *Hrd. 1992, bls. 844 (Öryrkjabandalagið)*. Í héraðsdómi, sem Hæstiréttur staðfesti með vísan til forsendna, segir: „Dómur í aðalsök tekur einvörðungu til þess sakarefnis, sem þar er til efnismeðferðar, og bindur einvörðungu aðila þess máls. Þótt sá dómur hefði fordæmisgildi, getur málið samt sem áður ekki skapað rétt fyrir aðra til meðalgöngu í málinu en þeirra (sic), sem beinna hagsmuna hafa að gæta, svo sem íbúa meðferðarheimilisins.“

Þá niðurstöðu að þriðji maður sé ekki talinn hafa lögvarða hagsmuni af máli vegna fordæmisgildis dóms í því má hagsanlega rekja til þess að íslenska réttarkerfið byggist að meginstefnu til á hinni rómönsku-germönsku réttarhefð<sup>12</sup>, þar sem fordæmi hafa ekki verið viðurkennd sem bindandi réttarheimild.<sup>13</sup> Til samanburðar má geta þess að í bandarískum rétti, sem tilheyrir engilsaxnesku réttarhefðinni, getur meðalganga aðila í máli byggst á því að málið hafi fordæmisgildi fyrir hagsmuni

<sup>12</sup> Björg Thorarensen: „Stjórnskipunarréttur“, bls. 18.

<sup>13</sup> Sjá til dæmis Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 38. „Hér eru [fordæmi] að vísu ekki talin bein réttarheimild, þar eð þau eru ekki bindandi fyrir úrskurðaraðila síðar, þ.e.a.s þeir eru ekki skuldbundnir til að leysa úr sams konar málefni á sama hátt og áður.“

hans.<sup>14</sup> Með vaxandi gildi fordæma í íslenskum rétti<sup>15</sup> verður ekki útilokað að breytingar verði á framkvæmd hvað þetta atriði varðar.

### 3.4 Kröfugerð

Kröfugerð meðalgöngustefnanda getur með tvennum hætti haft áhrif við mat á því hvort heimila skuli meðalgöngu hans. Annars vegar getur reynt á hvort kröfugerð meðalgöngustefnanda sé með þeim hætti sem 2. másl. 20. gr. eml. áskilur. Hins vegar eru kröfur nokkuð mismunandi eftir afbrigðum meðalgöngu. Verður stuttlega fjallað um sérkröfur til aðalmeðalgöngu þar sem meðalgöngustefnandi gerir kröfur í samlagi við aðalstefnanda og aukameðalgöngu.

Dæmi er um að Hæstiréttur hafi vísað frá meðalgöngusök vegna þess að kröfugerð meðalgöngustefnanda var ekki með þeim hætti sem 2. másl. 20. gr. eml. áskilur. Í ofangreindum *Hrd. 2002, bls. 1124 (97/2002) (Lyfjaverslun Íslands hf.)* féllu L, A og G frá kröfunni um að J yrði gert að afhenda L hf. hina umþrættu hlutafjäreign. Það dugði þó ekki til að L hf. yrði heimil meðalganga í málinu. Ekki var fullnægt því skilyrði að meðalgöngustefnandi geri kröfu um að sér verði dæmt sakarefni í stað eða til hliðar við aðalstefnanda eða geri kröfu um að úrslit kröfu verði á annan hvorn veg aðalstefnanda eða aðalstefnda í hag. Meðalgöngusökinni var því vísað frá.

Aðalmeðalganga þar sem meðalgöngustefnandi gerir kröfur í samlagi við aðalstefnanda er nokkuð sérstaks eðlis. Hún helgast ekki af því að þriðja manni sé nauðsynlegt að ganga inn í dómsmál til verndar þeim hagsmunum sem hann hefur af úrslitum máls líkt og á við önnur afbrigði meðalgöngu. Þar ráða fremur hagkvæmnisástæður líkt og við samlagsaðild. Við mat á því hvort heimila skuli slíka meðalgöngu er rétt að röskun sem verða kann af aðild þriðja manns að dómsmáli sé skoðuð og hagræðið af slíkri aðild metið og borið saman við þann kost að meðalgöngustefnandi höfði sérstakt mál um kröfur sínar. *Hrd. 1960, bls. 443 (verkgreiðslur)* veitir nokkra leiðbeiningu um hvaða kröfur verði gerðar til þess að aðalmeðalganga af þessu tagi sé heimiluð.

Í *Hrd. 1960, bls. 443 (verkgreiðslur)* hafði ágreiningur risið milli þriggja verktaka um uppgjör eftir byggingu húss. Fór svo að M höfðaði mál á hendur K til heimtu hlutdeildar í umsjónarlaunum vegna verksins og hlutdeildar í sjóði sem M hélt fram að þeir þrír hafi myndað í sameiningu. Þriðji verktakinn, Á, höfðaði svo meðalgöngusök þar sem hann krafði K um hlutdeild í umsjónarlaunum vegna

<sup>14</sup> Mary Kay Kane: *Civil Procedure In A Nutshell*, bls. 105.

<sup>15</sup> Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*, bls. 238-239.

verksins og hlutdeild í sjóðnum, en auk þess greiðslu fyrir vinnu við húsið sem greitt var fyrir eftir uppmælingu. Fallist var á kröfur M og K um frávísun þriðja kröfuliðar A um greiðslu eftir uppmælingu. Í héraðsdómi, sem staðfestur var með vísan til forsendna í Hæstarétti, segir: „Það er að vísu ljóst, að kröfur stefnenda í aðalsök og meðalgöngusök eru runnar af sömu skiptum aðiljanna og úrlausn þeirra skiptir máli fyrir þá alla. Þegar á hinn bóginn er á það litið, að kröfur um umsjónarlaun, greiðslu samkvæmt uppmælingu og framlag til sameiginlegs sjóðs eru allar sérgreindar, þá þykir aðalstefnandi eigi þurfa að hlíta því, að meðalgöngustefnandi geti í meðalgöngusök krafizt úrlausnar um aðrar kröfur en þær, sem aðalstefnandi hefur þegar haft uppi í málinu.“

Af *Hrd. 1960, bls. 443 (verkgreiðslur)* má álykta að í þessu afbrigði aðalmeðalgöngu verði krafa meðalgöngustefnanda að vera af sömu rót og krafa aðalstefnanda. „Þetta eitt nægir þó ekki, því samkvæmt dómnum getur meðalgöngustefnandi ekki komið að samrætri kröfu ef ekki verður leyst úr henni á grundvelli sömu eða hliðstæðra málsástæðna og gagna og aðalstefnandi hefur byggt á og lagt fram fyrir sitt leyti. [...] Verður ekki ætlast til að aðilar aðalsakar hlíti því að óskyld eða eðlisólík úrlausnarefni fái að komast að í máli þeirra, enda gæti slík niðurstaða orðið þeim til verulegra þyngsla.“<sup>16</sup>

Sérstaklega strangar kröfur verða gerðar til þess að þriðji maður sýni fram á brýna og sjálfstæða hagsmuni sína af úrlausn máls til þess að honum verði heimil aukameðalganga, enda er slíkri meðalgöngu yfirleitt ofaukið ef hún er aðeins til þess að taka undir kröfu annars aðilans.<sup>17</sup>

### 3.5 Þriðji maður geri meðalgöngukröfu svo fljótt sem kostur er

Í ljósi þeirrar röskunar sem meðalganga veldur á gangi máls virðist eðlilegt að gera þá kröfu að stefna í meðalgöngusök sé lögð fram svo skjótt sem tilefni er til eða að minnsta kosti innan hæfilegs tíma frá því að tilefni var ljóst. Nefna má tvo dóma Hæstaréttar í þessu sambandi.

Í *Hrd. 1958, bls. 561 (skilnaður)* krafðist aðalstefnandi frávísunar meðalgöngustefnu þar sem hún hafði ekki komið fram fyrr en eftir þingfestingu málsins. Meðalgöngustefnanda hafi verið kunnugt um málið áður en það var höfðað og hefði því getað stefnt svo tímanlega að sameina mætti meðalgöngusökina aðalmálinu við þingfestingu þess. Í héraðsdómi, sem staðfestur var með vísan til forsendna í Hæstarétti, segir að meðalgöngusök virðist höfðuð án ástæðulausrar tafar eftir að ljóst varð að aðalstefndi hugðist ekki halda uppi vörnum í aðalsök. Var þessum grundvelli frávísunarkröfunnar því hrundið.

<sup>16</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 80.

<sup>17</sup> *Ibid*, bls. 80.

*Hrd. 1958, bls. 651 (ættleiðing)* er dæmi um tilvik þar sem meðalganga var heimiluð þótt hún hafi ekki komið til fyrr en undir rekstri máls fyrir Hæstarétti. Í dómnum er ekki fjallað sérstaklega um það hvort meðalgöngustefnan hefði átt að koma fram fyrr.

Dómaframkvæmd dugir ekki til að draga megi skýrar ályktanir varðandi kröfur Hæstiréttar um hvenær meðalgöngustefna skuli lögð fram. Verður þó að ætla að einhver takmörk séu á því hversu seint megi leggja hana fram. Til samanburðar má geta þess að í frönskum rétti verður meðalgöngusök ekki sameinuð aðalsök valdi það töfum á úrlausn aðalsakar.<sup>18</sup>

#### **4 Úrlausn dómara um kröfu um meðalgöngu**

Dómari tekur að eigin frumkvæði til athugunar kröfu um meðalgöngu og vísar henni frá eða synjar henni ex officio séu skilyrði ekki uppfyllt.<sup>19</sup> Verður að telja það eðlilegt því takmarkanir á heimildum til meðalgöngu réttlætast meðal annars af almannahagsmunum af skilvirkum dómstörfum sem dómari á að geta staðið vörð um óháð kröfum aðila. Sem dæmi má nefna *Hrd. 11. október 2007 (46/2007) (Kaupþing líftryggingar hf.)* þar sem meðalgöngu var vísað frá héraði án kröfu. Meðalgöngusök þar sem meðalgöngustefnandi gerir kröfur til hliðar og í samlagi við aðalstefnanda verður þó varla vísað frá á þeim grundvelli að með henni séu dregin inn í mál úrlausnarefni sem eru óskyld eða eðlisólík aðalsök nema krafa um það komi frá upphaflegum aðila.<sup>20</sup>

Frávísun eða synjun héraðsdómara á meðalgöngusök má kæra til Hæstaréttar, sbr. j-lið 1. mgr. 143. gr. eml.

Ef meðalganga telst heimil fær þriðji maður aðgang að málinu sem aðili og meðalgöngusök og aðalsök verða rekin saman sem eitt mál.<sup>21</sup> Meðalgöngusök verður færð inn í upphaflega númeraskráningu máls, sbr. 3. mgr. 2. gr. reglugerðar um skráningu mála hjá héraðsdómstólum, þingbækur, skjalavörslu o.fl. í einkamálum nr. 188/2009.

---

<sup>18</sup> Peter Herzog og Martha Weser: *Civil Procedure in France*, bls. 291.

<sup>19</sup> Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II. hefti*, bls. 144-145 og Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 81.

<sup>20</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 80.

<sup>21</sup> *Ibid*, bls. 81.



## 5 Staða meðalgönguaðila

### 5.1 Staða aðalmeðalgönguaðila

Meðalgöngumaður sem krefst þess að sér verði dæmt sakarefnið er fullgildur aðili að máli<sup>22</sup>, og getur fært fram eigin málsástæður og sönnunargögn, óháð því hvað aðalstefnandi hyggst gera. Í slíkum tilvikum eru hagsmunir meðalgöngumanns almennt andstæðir hagsmunum aðalstefnanda og því ótækt að hann væri í málalíbúnaði sínum bundinn af málalíbúnaði aðalstefnanda. Hér má sem dæmi nefna *Hrd. 1976, bls. 908 (skip)*.

*Hrd. 1976, bls. 908 (skip)*. Aðalstefnandi krafðist bóta úr hendi váttryggingafélags vegna skips síns sem hafði farist. Tveir veðhafar í skipinu gerðust meðalgönguaðilar í málinu og kröfðust greiðslu veðkrafna sinna af váttryggingafénu. Veðhöfunum var heimilt að færa fram málsástæður og gögn til stuðnings kröfum sínum óháð málalíbúnaði aðalstefnanda.

Heimildir meðalgöngumanns sem gerir kröfur í samlagi við aðalstefnanda eru takmarkaðri. Af ofangreindum *Hrd. 1960, bls. 443 (verkgreiðslur)* má leiða að meðalgöngumaður getur í slíkum tilvikum ekki byggt á málsástæðum sem eru ekki þær sömu eða hliðstæðar þeim sem aðalstefnandi byggir á. Þetta kann þó að vera háð mótmælum annarra aðila.<sup>23</sup> Í slíkum tilvikum réttlætist aðild meðalgöngumanns af hagkvæmnisástæðum fremur en af hagsmunum hans af úrslitum dómsmáls, líkt og áður er nefnt. Væri því óeðlilegt að meðalgöngumaðurinn gæti komið að málsástæðum sem röskuðu grundvelli málsins, enda stafaði af því óhagræði sem gengi gegn tilgangi meðalgöngunnar.

### 5.2 Staða aukameðalgönguaðila

Eðlilegt er að heimildir meðalgönguaðila í aukameðalgöngusök séu takmarkaðri en í aðalmeðalgöngusök. Í aðalmeðalgöngu gerir meðalgöngumaður sjálfstæðar kröfur og getur fært fyrir þeim sjálfstæðar málsástæður án þess að með því sé raskað málalíbúnaði upphaflegra aðila. Það stangaðist hins vegar á við málsforræði upphaflegs aðila að meðalgöngumaður gæti fært fram málsástæður fyrir kröfum hans sem hann vill ekki byggja á.

---

<sup>22</sup> Sjá til dæmis í athugasemdum við 50. gr. með frumvarpi sem varð að lögum nr. 85/1936: „Þegar þriðji maður gerir beinlínis kröfu um, að honum verði dæmdur réttur sá, sem um er deilt, þá kemur hann fram sem sjálfstæður aðili.“ (Alþt. 1935, A-deild, bls. 946.)

<sup>23</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 80.

Dómaframkvæmd bendir til þess að heimildir aukameðalgönguaðila séu takmarkaðri ef hann styður aðeins kröfur sem upphaflegur aðili hefur þegar uppi en ef hann gerir aðrar kröfur. Í *Hrd. 10. desember 2009 (664/2009) (protabú Straums-Burðaráss hf.)* segir: „Aukameðalganga samkvæmt 20. gr. laga nr. 91/1991 veitir ekki þriðja manni heimild til að bera upp málsástæðu til stuðnings kröfu annars upphaflegs málsaðilans, sem sá vill ekki sjálfur halda fram.“ Í *Hrd. 1958, bls. 561 (skilnaður)* er aftur á móti ljóst að meðalgöngustefnandi varð að byggja kröfu sína um sýknu aðalstefnda á öðrum málsástæðum en aðalstefndi bar upp.

Þegar aukameðalgöngumaður gerir aðrar kröfur en upphaflegir málsaðilar verður hann augljóslega að geta borið upp sjálfstæðar málsástæður fyrir kröfum sínum. Heimildir hans verða að vera óbundnar málatilbúnaði þess málsaðila sem hann styður, enda þurfa hagsmunir þeirra ekki að fara saman, sbr. *Hrd. 1958, bls. 561 (skilnaður)*.

Sjálfstæðir hagsmunir meðalgöngustefnanda af úrslitum máls eru þó líka skilyrði meðalgöngu þegar meðalgöngumaður styður aðeins kröfur upphaflegs aðila. Honum kann að reynast mikilvægt að geta borið upp aðrar málsástæður en upphaflegi aðilinn ef hann telur að málatilbúnaður þess aðila verndi sína hagsmuni ekki nægilega. *Hrd. 10. desember 2009 (664/2009) (protabú Straums-Burðaráss hf.)* er dæmi um það. Þar töldu meðalgöngustefnendur málatilbúnað aðalstefnda ekki vernda hagsmuni sína af úrslitum málsins nægilega og vildu því bera upp aðrar málsástæður.

Það takmarkar vissulega málsforræði aðila aðalsakar að aukameðalgöngumanni sé heimilað að styðja kröfu hans með öðrum málsástæðum en hann vill byggja á sjálfur. En megin tilgangur meðalgöngu er einmitt sá að gera meðalgöngumanni kleift að hafa áhrif á niðurstöðu dómsmáls sem varðar lögvarða hagsmuni hans. Óneitanlega er mjög þrengt að möguleikum meðalgöngumanns til þess í *Hrd. 10. desember 2009 (664/2009) (protabú Straums-Burðaráss hf.)*. Fordæmið er þó skýrt, og verður að líta svo á að aukameðalgönguaðila sé óheimilt að bera upp málsástæðu til stuðnings kröfu annars upphaflegs málsaðilans, sem sá vill ekki sjálfur halda fram.

## 6 Réttaráhrif dóms á meðalgönguaðila

Ef meðalganga telst heimil fær þriðji maður aðgang að málinu sem aðili.<sup>24</sup> Ákvæði 1. mgr. 116. gr. eml. virðist því leiða til þess að dómur sé bindandi fyrir aðila

---

<sup>24</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 81.

meðalgöngusakar. Þetta á ótvírætt við um aðila aðalmeðalgöngusakar. Óvissara er að hvaða marki aukameðalgöngumaður verður bundinn af dómi. Þór Vilhjálmsson hefur talið að dómur væri bindandi fyrir aukameðalgöngumann, en vafi léki á hvort hann væri aðfararhæfur gagnvart honum. Vera mætti að nýjan dóm þyrfti á hendur honum til að aðför mætti fara fram, en fyrri dómur yrði lagður til grundvallar í síðara máli.<sup>25</sup>

Meðalgöngumaður getur áfrýjað héraðsdómi til Hæstaréttar samkvæmt 1. mgr. 151. gr. eml., sbr. *Hrd. 2001, bls. 1788 (370/2000) (réttargæslustefndi)* þar sem áfrýjun réttargæslustefnda á héraðsdómi var vísað frá Hæstarétti með eftirfarandi orðum:

Ekki verður talið að áfrýjandi hafi með greinargerð sinni í héraði gerst meðalgöngumaður í málinu samkvæmt 20. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varð hann því ekki aðili að því, sbr. 2. mgr. 21. gr. sömu laga og hljóðaði héraðsdómur ekki á hendur honum. Með því að hann var ekki aðili málsins hefur hann ekki heimild til áfrýjunar héraðsdóms samkvæmt 1. mgr. 151. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 5. gr. laga nr. 38/1994. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Má einnig benda á *Hrd. 1962, bls. 415 (skuldaviðurkenningarkrafa)* þar sem aukameðalgöngumaður hafði áfrýjað héraðsdómi til Hæstaréttar.

Það virðist ólíklegt að það hafi áhrif á réttarfarsheimildir þriðja manns í síðara máli að hafa ekki nýtt sér heimild til meðalgöngu í fyrra máli. Hann hefur þá ekki orðið aðili að fyrra málinu og úrslit þess binda hann ekki samkvæmt gagnályktun frá 1. mgr. 116. gr. eml.<sup>26</sup> Ætti hann því að geta sótt rétt sinn síðar óháð fyrra málinu.

## 7 Afdrif meðalgöngusakar við brottfall aðalsakar

Meðalgöngusök getur staðið áfram þótt aðalsök falli niður ef meðalgöngumaður gerir sjálfstæðar kröfur sér til handa og meðalgöngusök hefði frá öndverðu mátt reka sem sjálfstætt mál.<sup>27</sup> Hér má nefna *Hrd. 2002, bls. 4290 (244/2002) (Sameinaða líftryggingarfélagið hf.)*.

*Hrd. 2002, bls. 4290 (244/2002) (Sameinaða líftryggingarfélagið hf.)*. Börn látins manns höfðu höfðað mál á hendur líftryggingarfélagi til heimtu dánarbóta eftir hann. Kona mannsins stefndi sér inn í málið með meðalgöngu og krafðist bótanna sér til handa. Aðalsök barnanna var vísað frá, en meðalgöngusökin stóð sjálfstætt eftir.

<sup>25</sup> Þór Vilhjálmsson: *Réttarfar II*, bls. 39.

<sup>26</sup> Á því eru þó undantekningar, sbr. umfjöllun í kafla 3.3.2.

<sup>27</sup> Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II. hefti*, bls. 145.

Af augljósum ástæðum hlýtur aukameðalgöngusök að falla niður með aðalsök, enda er sakarefnið þar tæmt með aðalsökinni.<sup>28</sup> Til skýringar má nefna *Hrd. 1992, bls. 17 (Sæbraut 2)*. Hefði aðalsök verið vísað frá eða stefnendur í aðalsök fallið frá málinu hefði aukameðalgöngusökin jafnframt verið úr sögunni, enda sakarefnið tæmt með aðalsökinni. Meðalgöngustefnandinn gæti ekki krafist sýknu félagsmálaráðherra ef engar kröfur væru gerðar á hendur ráðherranum.

## 8 Lokaorð

Heimild 20. gr. eml. til meðalgöngu er þriðja manni mikilvæg leið til að hafa áhrif á úrslit máls sem varða lögvarða hagsmuni hans. Hagræði getur falist í því að heimila þriðja manni að koma kröfum sínum og málsástæðum að með þeim hætti, fremur en að höfða annað mál um sömu kröfur.

Jafnframt er þó nauðsynlegt að standa vörð um meginreglu einkamálaréttarfars um málsforræði aðila. Það á sérstaklega við um aukameðalgöngu, enda leitast þriðji maður þar við að hafa áhrif á úrslit máls milli annarra aðila, án þess að gera sjálfstæðar kröfur sér til handa. Hæstiréttur hefur með hliðsjón af þessu dæmt að meðalgöngumaður geti ekki fært fram málsástæður til stuðnings kröfu upphaflegs aðila sem sá vill ekki sjálfur byggja á, sbr. *Hrd. 10. desember 2009 (664/2009) (protabú Straums-Burðaráss hf.)*.

Þótt heimild til meðalgöngu geti verið þriðja manni mikilvæg til að standa vörð um hagsmuni sína af úrlausn máls virðist henni lítið beitt í framkvæmd, ef mið er tekið af því hversu fá meðalgöngumál hafa komið fyrir Hæstarétt. Forvitnilegt er að velta fyrir sér af hverju ekki er hefð fyrir því hjá íslenskri lögmannastétt að láta reyna á meðalgöngu. Skýringin kann að vera sú að mönnum sé ókunnugt um dómsmál annarra sem varða lögvarða hagsmuni þeirra. Hugsanlegt er líka að þörf fyrir meðalgöngu komi ekki oft upp. Lausleg könnun á dómum Hæstaréttar bendir þó til þess að dómum um meðalgöngu hafi heldur fjölgað síðari ár.

Sökum þess hversu fá dómafordæmin eru er réttarstaðan að sumu leyti óljós. Athugasemdir við 50. gr. í frumvarpi sem varð að lögum nr. 85/1936 veita takmarkaða vísbendingu um ýmis atriði er tengjast meðalgöngu. Því er óvarlegt að

---

<sup>28</sup> Ibid, bls. 145.

veita afdráttarlaus svör við ýmsum álitaefnum. Í þessu yfirliti yfir meðalgöngu í íslenskum rétti hefur þó vonandi tekist að varpa nokkru ljósi á stöðuna.

## HEIMILDASKRÁ

*Alþingistíðindi.*

Björg Thorarensen: „Stjórnskipunarréttur“. *Um lög og rétt. Helstu greinar íslenskrar lögfræði.* Ritstj. Róbert R. Spanó. Reykjavík 2006, bls. 21-97.

Einar Arnórsson: *Dómstólar og réttarfar á Íslandi.* Reykjavík 1911.

Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II. hefti. Meginreglur um meðferð einkamála.* Reykjavík 1968-1969.

Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur.* 2. útgáfa. Reykjavík 1999.

Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar.* 2. útgáfa. Reykjavík 2003.

Mary Kay Kane: *Civil Procedure In A Nutshell.* Saint Paul. 1979.

Peter Herzog og Martha Weser: *Civil Procedure in France.* Haag 1967.

Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga – réttarheimildir.* 2. útgáfa. Reykjavík 2007.

Þór Vilhjálmsson: *Réttarfar II.* Reykjavík 1977.

## DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

*Hrd. 1936, bls. 629 (kjörskrá)*

*Hrd. 1955, bls. 397 (björgunarlaun)*

*Hrd. 1958, bls. 561 (skilnaður)*

*Hrd. 1958, bls. 651 (ættleiðing)*

*Hrd. 1960, bls. 443 (verkgreiðslur)*

*Hrd. 1962, bls. 415 (skuldaviðurkenningarkrafa)*

*Hrd. 1966, bls. 949 (dánarbætur)*

*Hrd. 1976, bls. 908 (skip)*

*Hrd. 1990, bls. 249 (skuldabréf)*

*Hrd. 1992, bls. 17 (Sæbraut 2)*

*Hrd. 1992, bls. 844 (Öryrkjabandalagið)*

*Hrd. 1992, bls. 1804 (Umsjónarfélag einhverfra)*

*Hrd. 2001, bls. 1788 (370/2000) (réttargæslustefndi)*

*Hrd. 2002, bls. 1124 (97/2002) (Lyfjaverslun Íslands hf.)*

*Hrd. 2002, bls. 4290 (244/2002) (Sameinaða líftryggingarfélagið hf.)*

*Hrd. 2004, bls. 18 (1/2004) (forsjá)*

*Hrd. 2004, bls. 1872 (128/2004) (stjúpforeldri)*

*Hrd. 11. október 2007 (46/2007) (Kaupþing líftryggingar hf.)*

*Hrd. 10. desember 2009 (664/2009) (protabú Straums-Burðaráss hf.)*

